



Borgarráð Reykjavíkur

### ***Útboð á kaupum á sorpílátum vegna breytinga á sorphirðu í Reykjavík***

Umhverfis- og skipulagssvið óskar eftir heimild borgarráðs til að bjóða út kaup á sorpílátum vegna fyrirhugaðra breytinga á sorphirðu í Reykjavík árið 2023. Fyrirhugað er að bjóða sameiginlega út kaup fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Áætluð kaup Reykjavíkurborgar gegnum útboðið eru um 258 m.kr.

#### Greinargerð:

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu vinna að innleiðingu á samræmdu hirðukerfi skv. viljayfirlýsingu borgar- og bæjarstjóra sem undirrituð var í maí sl. Nýju hirðukerfi er ætlað að innleiða ný ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 sem taka gildi um næstu áramót, um að safnað verði fjórum úrgangsflokkuð við hvert heimili – pappír, plasti, lífrænum eldhúsúrgangi og blönduðu sorpi.

Svo innleiða megi þessar breytingar þarf að versla tvískipt sorpílát og sorpílát af mismunandi stærðum og lit. Framkvæma þarf útboðið sem fyrst svo ílátin berist frá framleiðanda áður en fyrirhuguð innleiðing á nýju hirðukerfi hefst í maí árið 2023. Gert er ráð fyrir kaupunum í drögum að fjárfestingaáætlun fyrir árið 2023 en þau hafa ekki verið samþykkt þar sem fjárhagsáætlunarferli fyrir árið 2023 er ekki lokið.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Benedikt Friðriksson  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa umhverfisgæða